

Jarðhiti hjá Sauðanesi á Upsaströnd utan  
Dalvíkur

Árni Hjartarson


Greinargerð ÁH-91-02

**JARÐHITI HJÁ SAUÐANESI Á UPSASTRÖND UTAN DALVÍKUR**  
Tileinkað Helga Torfasyni. Án hans hefði þessi gr.gr. ekki orðið til.

Nyrsti þekkti jarðhitastaður í Svarfaðardal er í fjörunni utan við eyðibýlið Sauðanes. Ég skoðaði staðinn í kvöldblíðu í júlilok 1987 eftir tilvísun Haraldar Guðmundssonar rafvirkja frá Karlsá. Hann er neðst í sjávarhömrnum utan og neðan við Sauðanes. Ganga skal niður í Ytrivík og þræða klettasyllu, sem kindur fara gjarnan um, inn fyrir klettanef sem afmarkar viki-ina til suðurs. Þaðan er klöngrast um stórgrýtta fjöruna 100-200 m til suðurs undir björgunum. Á þessari leið eru tveir allþykkir gangar. Annar er fast innan við klettanefið en hinn er fast utan við volgruna. Þetta er kvíslóttur gangur, sem æðar ganga út frá, 10-20 m þykkur en hann gengur svo á ská niður í fjöruna að illt er að mæla hann. Misgengi virðist vera um hann, eða rétt innan við hann, á að giska 5 m niður að norðan.

Vatnið bunar úr sprungu og á einum stað spýtist það með slíkum krafti 45° upp í loftið að boginn stendur 1,5 m út frá berginu.

Vatnshiti mældist 24,0 - 30,2°C. Vatnsmagnið er 0,2 l/s (ágiskun). Vel getur verið að meira vatn komi upp neðan sjávarmáls en sjór var nokkuð aðfallinn er staðurinn var skoðaður.



Volgran utan við Sauðanes. Kortið er ljósrit af SA horni DMA-kortsins 1917 III í 1:50000. Villur eru í kortinu, hér sem annarsstaðar. Bærinn Karlsá er ómerktur við þjóðveginn syðst á kortinu og eyðibýlin Sauðanes og Sauðanesköt hafa víxlast.